



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
Þjóðræknisþingi
Reykjavík
20. ágúst 2017**

Utarnríkisráðherra,
formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga,
forseti Icelandic National League of North America,
aðrir góðir gestir

Ég þakka þann heiður að fá að ávarpa ykkur hér á Þjóðræknisþingi.
Fyrir ári var það meðal minna fyrstu verka í nýju embætti að mæta á
þennan vettvang; þá eins og nú var gott að vera í góðra vina hópi.

Kæru vinir! Ár í ævi eins manns getur verið viðburðaríkt, margt sem
minnast ber þegar litið er um öxl. En svo vex vonandi eftirvænting ef við
horfum fram á veg, blandin þeirri vitneskju að taka verði því sem að
höndum ber. Þetta viðhorf má lesa úr nýárskveðju Stephans G.
Stephanssonar sem hann sendi vini sínum í Vesturheimi, séra Rögnvaldi
Péturssyni:

Blaðið mitt á enda er,
og ýmislegt að gera.
„Veit ég ei hvers biðja ber“ –
en blesсаður skaltu vera.
Um þig árið ið nýja
vil að annt láti sér. –
Leggist hamingja og heilsa
í hömina á þér!

Tæp öld er síðan þessi orð voru fest á blað. Í ævi þjóðar getur öld
verið sem örskotsstund. Fólkið sem uppi var áður fyrr er ekki lengur á
meðal okkar en við höfum vitnisburði þess og verk, leiftur frá liðinni tíð.
Leið þeim ekki eins og okkur? Voru þau ekki stundum full kvíða,
stundum tilhlökkunar?

Einn morgun árið 1892 gekk stúlka á sautjánda ári til föður síns, lagði hendur um háls hans og sagði: „Ég hef staðráðið með mér, elsku pabbi, að fara til Ameríku. Ég get ekki séð neina framtíð fyrir mig hér heima.“ Við skipshlið var skilnaðurinn sár. Yngri bróðir stúlkunnar sagðist síðar hafa grátið hástöfum en faðir þeirra viknað. Fjölskyldan sá stúlkuna aldrei framar en þau skrifuðust á, sögðu fregnir, héldu sambandi.

Árum saman bárust bréf milli Íslands og Vesturheims. Þau eru okkar helstu heimildir um sögu Vestur-Íslendinga. Við þurfum að halda þeim til haga, þefa uppi og varðveita. Því hefur verið haldið fram að á söfnum og öðrum vísum stöðum getum við aðeins kynnt okkur um eitt prósent þeirra bréfa sem gengu á milli Íslendinga yfir hafið á skeiði vesturfaranna. Vissulega höfum við önnur gögn að styðjast við, endurminningar, dagblöð og önnur rit sem koma jafnvel enn út og geyma góðar upplýsingar – alltaf finnst mér jafn gaman að fá á mitt borð fréttabréf frá samtökum Vestur-Íslendinga. Þau eru á ensku en flytja fregnir með íslensku bragði; til dæmis að þorrablótið í Mountain hafi heppnast vel og sómi sé að endurbótum á minnisvarða í Riverton. Þótt þær hafi tekið tíma gildi hið fornkvæðna, „It all comes with the cold water.“

Svona mætti áfram telja og svo er það kveðskapurinn og sögulegu skáldsögurnar. Sú sköpun veitir okkur jafnvel betri innsýn íugarheim þeirra sem ákváðu að freista gæfunnar ytra og skapa sér nýtt líf. Fátækt og misrétti, íhaldsseimi og úrræðaleysej stjórvalda; þetta rak marga á brott, gerði Íslendinga að innflytjendum í nýju landi. Vinnukonan Júlíana Jónsdóttir, sem gaf út ljóðabók fyrst íslenskra kvenna, flutti vestur og orti þar:

Skáldlist mín og skrift er eitt,
skapa ég rósir engar nýjar,
því í æsku nam ei neitt
nema að moka fjós og kvíar.

Kæru vinir! Hver þjóð þarf á sögu að halda – hver þjóð þarf á sögum að halda. Þær eru bestar þegar kostur og löstur er sagður á fólki og samfélögum, skini og skúrum. Stephan G. var ekki alltaf allra í Vesturheimi, Júlíana Jónsdóttir sagði satt um bágu stöðu ungs vinnufólks, og víst er það svo að fyrstu áratugina að minnsta kosti gætti andúðar hér heima í garð þeirra sem fóru, þeir voru sagðir hafa gefist upp, svikið ættjörð sína.

Nú er öldin önnur. Nú skiljum við betur hvers vegna fólk ákvað að hleypa heimdraganum, og nú viljum við auðvitað styrkja tengslin milli okkar hér á Íslandi og afkomenda þeirra sem fluttu vestur um haf. Ræktarsemi er dyggð, þjóðrækni er dyggð.

Ég óska nýjum formanni Þjóðræknisfélagsins velfarnaðar og hlakka til að fylgjast áfram með hinum góðu störfum þess.